

Reykjavíkurborg

annars vegar

og

Rafiðnaðarsamband Íslands

hins vegar

gera með sér svofelldan

samning

um breytingu og framlengingu á kjarasamningi aðila.

Inngangur

Aðilar eru sammála um að vinna áfram að sameiginlegum markmiðum aðila vinnumarkaðarins um að auka kaupmátt og tryggja efnahagslegan stöðugleika. Stefnt skal að því að kjarasamningar Reykjavíkurborgar og viðsejanda taki mið af almennri launapróun á vinnumarkaði og að samningslengd verði í samræmi við samninga á almennum vinnumarkaði og hjá hinu opinbera.

Samningsaðilar eru sammála um mikilvægi þess að bæta vinnulag við gerð kjarasamninga m.a. með bættri upplýsingagjöf og áherslu á að kjarasamningur taki við af kjarasamningi og að samningar séu ekki lausir til langs tíma.

1. Framlenging gildandi kjarasamnings

Samningsaðilar eru sammála um að kjarasamningur aðila framlengist til 30. apríl 2015 með eftirfarandi breytingum:

a. Almenn launahækkun

Hinn 1. febrúar 2014 skulu laun og launataxtar skv. grein 1.1.1. í kjarasamningi aðila hækka um 2,8%, þó að lágmarki kr. 8.000 á mánuði fyrir dagvinnu miðað við fullt starf.

b. Launataxtar í kjarasamningi hækka sérstaklega sbr. fylgiskjal I með kjarasamningi

c. Lágmarkstekjur fyrir fullt starf

Frá og með 1. febrúar 2014 skulu lágmarkstekjur fyrir fullt starf samkvæmt kjarasamningi vera kr. 214.000 fyrir starfsmenn sem eru 18 ára og eldri og hafa starfað í fjóra mánuði samfelld hjá Reykjavíkurborg.

16/11
JMF

- d. Við samþykkt kjarasamningsins greiðist sérstök eingreiðsla kr. 14.600, m.v. fullt starf hverjum starfsmanni sem var við störf í febrúar 2014 og er enn í starfi 1. apríl 2014. Upphæðin greiðist hlutfallslega m.v. starfstíma og starfshlutfall í febrúarmánuði 2014.
- e. Þann 1. febrúar 2015 greiðist sérstök eingreiðsla kr. 20.000, m.v. fullt starf hverjum starfsmanni sem var við störf í desember 2014. Upphæðin greiðist hlutfallslega m.v. starfstíma og starfshlutfall í desember mánuði 2014.

Fyrrgreindar greiðslur ná til allra starfsmanna í föstu ráðningarsambandi utan þeirra sem eru í launalausum leyfi.

- f. Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót skv. gr. 1.7.3 verður á árinu 2014 kr. 79.500

Orlofsuppbót skv. gr. 4.2.2. verður á árinu 2014 kr. 39.500

- g. Fatapeningar

Fatapeningar skv. gr. 6.5.1 verða kr. 19,42.

2. Framlög til starfsmenntunar- og starfsþróunarsjóðs

Hækkun framlags til starfsmenntunar- og starfsþróunarsjóðs um 0,1% kemur til framkvæmda þann 1. júní 2014.

Aðfarasamningur

Við gildistöku samnings þessa hefjast viðræður um endurnýjun kjarasamnings sem taki gildi við lok samnings þessa. Unnið verður eftir eftirfarandi viðræðuáætlun sem telst hluti samningsins.

Viðræðuáætlun

Markmið

Aðilar munu hefja viðræður í kjölfar gildistöku samnings þessa vegna þess kjarasamnings sem framlengdur er og gildir til 30. apríl 2015 með það fyrir augum að ljúka gerð nýs kjarasamnings fyrir þann tíma. Markmiðið verði vaxandi kaupmáttur, efnahagslegur stöðugleiki og lág verðbólga, bætt samkeppnisstaða atvinnulífsins og stöðugt gengi

krónunnar. Aðilar eru sammála um mikilvægi þess að skapa raunhæfar væntingar í samfélaginu til mögulegs ávinnings af kjarasamningum.

Samningsumboð

Fyrir lok maí 2014 leggi samningsaðilar skriflega fram skipun samninganefnda og umboð þeirra til samningaviðræðna.

Starfsmat

Þá eru samningsaðilar sammála um að sú endurskoðunarvinna sem aðilar hafa í sameiningu hafið verði lögð til grundvallar að breyttum starfsreglum starfsmatsnefndar. Markmið breytinganna er að bæta verklag, auka skilvirkni og málshraða. Sú endurskoðun skal liggja fyrir í lok október 2014 og starfsreglurnar lagðar fram í starfskjaranefnd til afgreiðslu.

Markviss endurskoðun á störfum fari fram. Aðilar eru sammála um að þörf sé á heildarendurskoðun starfsmatskerfisins til að tryggja að starfsmatskerfið endurspegli störf og starfsumhverfi Reykjavíkurborgar. Endurskoðunarvinnan felur meðal annars í sér samanburð á störfum þvert á svið og starfsstaði borgarinnar og þess gætt að ekki sé um ómálefnalegan mismun að ræða.

Jöfnunaraðgerðir gagnvart öðrum félögum.

Komi í ljós við endurmat starfsmats að félagsmenn Rafiðnaðarsambands Íslands séu með lakari launakjör en félagsmenn annarra stéttarféлага hjá Reykjavíkurborg í jafnverðmætum störfum verði það leiðrétt.

Þær breytingar sem verða á mati starfa til hækkunar vegna endurskoðunar starfsmatsins munu taka gildi frá upphafi þessa samnings.

Framgangur í starfi

Aðilar eru sammála um að á samningstímanum verði gert átak í því að endurskoða starfslýsingar á öllum sviðum borgarinnar. Í kjölfar þess verði markvisst unnið að því að bjóða starfsmönnum upp á starfstengt nám sem geti leitt til framgangs í starfi. Í þessu sambandi verði sérstaklega horft til starfsmanna sem hafa mikla reynslu í starfi hjá Reykjavíkurborg. Sérstakur starfshópur skipaður jafnmörgum fulltrúum frá hvorum aðila mun stýra framkvæmd þessa verkefnis.

Hæfnismatskerfi

Fyrir lok júní 2014 hafi aðilar lagt mat á hvernig núverandi hæfnislaunakerfi þjónar tilgangi sínum. Í kjölfarið verði lagt mat á hvort æskilegt er að innleiða nýtt kynhlutlaust viðbótarlaunakerfi hjá Reykjavíkurborg og skal það mat liggja fyrir í lok september 2014.

Ný launatafla

Fram fari endurskoðun á gildandi launatöflu og tengingu hennar við starfsmat. Fyrir lok september 2014 verði hafnar viðræður um mögulegar útfærslur á nýrri launatöflu sem samið verði um að taki gildi við upphaf næsta kjarasamnings aðila.

Aðilar eru sammála um að við útfærslu á nýrri launatöflu verði horft til þess að starfsþróunarálag verði 1,5%.

Sérmál önnur en launaliðir

Viðræður um breytingar á þeim ákvæðum gildandi kjarasamninga sem ekki varða launalið verði skipulagðar fyrir lok október 2014. Kröfur komi fram fyrir 15. júní 2014.

Endurskoðun viðræðuáætlunar

Fyrir lok febrúar 2015 skulu aðilar sameiginlega meta stöðu viðræðna og þörf fyrir endurskoðun viðræðuáætlunar. Þar skal tekin afstaða til þess hvort óskað er milligöngu ríkissáttasemjara.

Launaliðir

Viðræður um launaliði hefjist í byrjun febrúar 2015 á grundvelli krafna sem þá skulu vera komnar fram. Jafnframt verða aðrir þættir kjarasamninga ræddir að því marki sem lausn ágreiningsefna um þá kann að tengjast samningum um launaliði.

Fyrirkomulag samningaviðræðna

Fundir skulu að jafnaði haldnir í húsakynnum ríkissáttasemjara nema samkomulag verði um annað. Fundir verði skráðir sem og efni þeirra og framlögð gögn.

Fundaáætlun / tímasett markmið

Þegar kröfur liggja fyrir geri aðilar áætlun um framgang viðræðna ásamt tímasettum markmiðum.

Lok viðræðna

Hafi samningar ekki tekist fjórum vikum áður en kjarasamningar renna út skal tekin ákvörðun um það hvort og þá hvenær ríkissáttasemjari taki við stjórn viðræðna.

KM



Gildistími

Samningur þessi gildir til 30. apríl 2015 og rennur þá út án frekari fyrirvara.


Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp á lögformlegan hátt til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 16:00 þann 30. apríl 2014 skoðast samningurinn samþykktur. Atkvæðisbærir félagsmenn stéttarfélagsins um samning þennan eru einungis þeir sem starfa hjá Reykjavíkurborg.

Reykjavík 22. apríl 2014

F.h. Reykjavíkurborgar,
með fyrirvara um samþykki borgarráðs


Kristinn Þorbergsson
Ego Newman
Kaisarinn Einarsson
Jón Birna Bryndóttir
Berglindur.

F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands,
með fyrirvara um samþykki félagsmanna


Kishla Þórunn Árnadóttir
Gleisjan Þómasson

RAFIDNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

Gildir frá 1. febrúar 2014

þrep	1	2	3	4	5
Lfl.	<20 ára	20 ára	25 ára	30 ára	35 ára
110	196.032	199.391	202.852	206.415	210.086
111	197.712	201.121	204.634	208.251	211.977
112	199.417	202.878	206.442	210.114	213.896
113	201.147	204.660	208.278	212.005	215.843
114	202.904	206.469	210.141	213.924	217.820
115	204.686	208.305	212.033	215.872	219.828
116	206.496	210.169	213.953	217.849	221.864
117	208.332	212.061	215.901	219.857	223.932
118	210.197	213.981	217.880	221.894	226.029
119	212.089	215.930	219.887	223.962	228.159
120	214.009	217.909	221.924	226.060	229.251
121	215.958	219.916	223.992	228.191	231.314
122	217.938	221.954	226.092	229.283	233.541
123	219.946	224.023	228.222	231.348	234.660
124	221.985	226.122	229.315	233.574	235.896
125	224.053	228.253	231.380	234.693	238.226
126	226.153	229.346	233.608	235.931	239.369
127	228.285	231.412	234.728	238.259	240.487
128	229.378	233.640	235.964	239.402	241.923
129	231.444	234.760	238.293	240.523	243.084
130	233.674	235.999	239.436	241.959	244.196
131	234.794	237.828	240.558	243.120	246.199
132	236.032	238.969	241.994	244.232	247.382
133	237.862	240.594	243.155	246.237	248.907
134	239.003	242.031	244.267	247.420	250.269
135	240.630	243.193	246.275	248.946	251.369
136	242.066	244.305	247.458	250.309	252.515
137	243.228	246.313	248.985	251.409	255.300
138	244.340	247.496	250.349	252.556	257.125
139	246.350	249.023	251.449	255.341	259.694
140	247.533	250.388	252.597	257.167	261.605
141	249.062	251.488	255.382	259.736	263.261
142	250.428	252.637	257.209	261.648	266.260
143	251.528	255.424	259.779	263.304	268.304
144	252.678	257.251	261.691	266.304	271.394
145	255.464	259.821	263.348	268.350	274.531
146	257.292	261.734	266.348	271.440	277.714
147	259.863	263.391	268.395	274.577	280.946
148	261.777	266.392	271.485	277.761	284.225
149	263.435	268.439	274.623	280.993	287.554
150	266.438	271.532	277.809	284.273	290.932
151	268.484	274.670	281.040	287.603	294.380
152	271.577	277.855	284.322	290.983	297.959
153	274.716	281.089	287.652	294.433	301.591
154	277.902	284.370	291.033	298.011	305.377
155	281.136	287.702	294.484	301.645	309.291
156	284.418	291.082	298.064	305.434	313.262
157	287.750	294.536	301.697	309.349	317.295

KM

2014

158	291.133	298.118	305.490	313.321	321.388
159	294.589	301.752	309.406	317.355	325.543
160	298.170	305.547	313.381	321.449	329.758
161	301.805	309.464	317.415	325.605	334.037
162	305.604	313.439	321.509	329.821	338.522
163	309.523	317.474	325.665	334.102	343.085
164	313.498	321.570	329.884	338.588	347.774
165	317.534	325.727	334.165	343.154	352.640
166	321.630	329.946	338.654	347.844	357.577
167	325.788	334.229	343.220	352.712	362.592
168	330.009	338.722	347.914	357.651	367.680
169	334.291	343.287	352.784	362.666	372.843
170	338.788	347.986	357.724	367.755	378.086
171	343.355	352.855	362.739	372.920	383.406
172	348.057	357.797	367.830	378.164	388.806
173	352.928	362.814	372.996	383.486	394.288
174	357.870	367.906	378.241	388.886	399.852
175	362.888	373.073	383.563	394.369	405.500
176	367.981	378.318	388.966	399.934	411.231
177	373.149	383.642	394.451	405.582	417.048
178	378.395	389.046	400.016	411.315	422.952
179	383.721	394.531	405.666	417.135	428.946
180	389.127	400.099	411.399	423.042	435.031
181	394.612	405.750	417.221	429.036	441.205
182	400.181	411.486	423.128	435.120	447.473
183	405.832	417.306	429.124	441.296	453.834
184	411.570	423.216	435.211	447.564	460.290
185	417.393	429.213	441.388	453.928	466.844
186	423.303	435.299	447.658	460.386	473.496
187	429.302	441.478	454.021	466.940	480.248
188	435.391	447.751	460.481	473.593	487.100
189	441.570	454.115	467.038	480.347	494.056
190	447.843	460.577	473.692	487.202	501.116
191	454.209	467.135	480.447	494.160	508.282
192	460.673	473.792	487.303	501.220	515.556
193	467.232	480.546	494.261	508.388	522.938
194	473.889	487.405	501.325	515.663	530.432
195	480.647	494.364	508.494	523.048	538.038
196	487.506	501.430	515.770	530.543	545.757
197	494.468	508.600	523.157	538.151	553.593
198	501.534	515.879	530.653	545.871	561.545
199	508.706	523.266	538.263	553.709	569.619
200	515.986	530.765	545.986	561.663	577.812
201	523.375	538.375	553.825	569.737	586.129
202	530.876	546.100	561.782	577.932	594.570
203	538.488	553.942	569.858	586.252	603.137
204	546.213	561.900	578.055	594.694	611.834
205	554.057	569.977	586.375	603.263	620.660
206	562.035	578.184	594.819	611.950	629.598
207	570.129	586.510	603.385	620.762	638.664
208	578.339	594.956	612.073	629.701	647.861
209	586.667	603.523	620.887	638.769	657.190
210	595.115	612.214	629.828	647.967	666.653

KIK

KIK